


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sambýkkt:SHJ		
Síða 1 af 2	ÍSL202 fjarnám Kennsluáætlun vorönn 2014	

Kennari	Ásbjörg Benediktsdóttir	Sk.st.	ÁBE
----------------	-------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið yfir ýmsa þætti íslensks máls; s.s. stafsetningu, orðflokkgreiningu og greinarmerkjasetningu. Auk þess eru rifjuð upp undirstöðuatriði í meðferð ritaðs máls og farið yfir reglur um notkun og meðferð heimilda í skriflegum verkefnum. Nemendur vinna ýmis skrifleg verkefni, s.s. atvinnuumsókn og rökfærsluritgerð. Kennsluumhverfið er inni á Moodle. Þar fá nemendur fyrirmæli og leiðbeiningar varðandi námið.

Markmið:

Að nemandi:

- kunni og geti beitt helstu stafsetningarreglum.
- þekki helstu orðflokka og geti nýtt sér þá kunnáttu í ræðu og riti.
- kunni og geti beitt helstu reglum um greinarmerkjasetningu í texta.
- kunni og geti beitt helstu reglum um meðferð og framsetningu ritaðs máls.
- kunni og geti beitt helstu reglum um upptöku og frágang heimilda.
- geti tjáð sig í ræðu og riti.

Námsgögn:

Íslenska eitt. Kennslubók í íslensku fyrir framhaldsskóla eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson (Mál og menning, 2006).

Ítarefni með æfingum. Íslenska 202. Hefti, selt á skrifstofu VMA. **Heftið verður sett sem pdf-skjal inn á Moodle fyrir þá nemendur sem hafa aðgang að prentara.**

Dauði trúðsins. Skáldsaga eftir Árna Þórarinsson. Útgefandi JPV-útgáfa.

Áætlun um yfirferð:

1. lota 27. janúar - 21. febrúar (4 vikur)


Íslenska eitt bls. 129 – 157, 24-26, 51-54. Stafsetning, orðflokkgreining og greinarmerkjasetning. Farið yfir framangreind atriði og unnin ýmis verkefni (*Ítarefni með æfingum. Íslenska 202*) en yfirferðinni lýkur með heimaprófi sem gildir 25% af lokaeinkunn. Samhliða framangreindri yfirferð lesa nemendur skáldsöguna *Dauði trúðsins* eftir Árna Þórarinsson og vinna bókmenntagreiningu sem gildir 10% af lokaeinkunn. **Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 35%.**

2. lota 24. febrúar – 21. mars. (4 vikur)

Íslenska eitt bls. 175 – 221. 5. kafli: „Álitamál og árekstrar“. Farið yfir efni kaflans, málsnið huglægni /hlutlægni, reglur um ritun, framsetningu og frágang ritaðs máls. Nemendur vinna grind að rökfærsluritgerð, bæði hvað varðar hugmyndir og uppbyggingu (5% af lokaeinkunn) og fullvinna svo ritgerðina skv. reglum þar um (15% af lokaeinkunn). Lotunni lýkur með því að nemendur skila handriti að munnlegri kynningu á niðurstöðu rökfærsluritgerðar sinnar (5% af lokaeinkunn). **Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 25% af lokaeinkunn.**

3. lota 24. mars – 11. apríl (3 vikur)

Ítarefni með æfingum. Íslenska 202. Farið yfir helstu atriði við upptöku og frágang heimildaritgerða (tilvitnanir, tilvísanir, heimildaskrá). Nemendur vinna ýmis æfingaverkefni. **Lotunni lýkur með verkefni sem gildir 25% af lokaeinkunn.**

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	ÍSL202 fjarnám Kennsluáætlun vorönn 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

4. lota 23. apríl– 2. maí (1½ vika)

Íslenska eitt bls. 223 – 252. kafli 6: „Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðin/n stór?“ Farið er yfir efni kaflans og nemendur útbúa atvinnuumsókn og ferilskrá **sem gilda samanlagt 15% af lokaeinkunn.**

Námsmat og vægi námsþátta:

Áfanginn er próflaus í annarlok en námsmat og lokaeinkunn byggist á eftirfarandi verkþáttum annarinnar.

- | | |
|--|-----|
| 1. lota: Próf í málfræði, stafsetningu og greinarmerkjasetningu | 25% |
| Verkefni í bókmenntagreiningu | 10% |
| 2. lota: Rökfærsluritgerð, efnisgrind og handrit að munnlegri kynningu | 25% |
| 3. lota: Heimildaverkefni | 25% |
| 4. lota: Atvinnuumsókn og ferilskrá | 15% |

Verkefnum skal skilað á tilsettum skiladegi hverju sinni, sbr. reglur þar um (sjá Moodle).

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Asbjörg Benediktsd.
Undirritun kennara

Kristín Arnad.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils